

Ed.

614. Breytingartillögur

[119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Salome Porkelsdóttur, Helga Seljan, Eyjólfí Konráð Jónssyni,
Valdimar Indriðasyni, Jóni Kristjánssyni og Stefáni Benediktssyni.

1. Við f-lið 1. mgr. 113. gr. bætist: með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem nái yfir landið allt.
2. Við 115. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa skipaða fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar.